

**Tónlistardeild**

**Hljóðfæraleikur**

# **Erlendir áhrifamenn í íslensku tónlistarlífi á 20. öld**

*Einkum þáttur Páls Pampichler Pálssonar  
og annarra blásturshljóðfæraleikara*

Ritgerð til BMus-prófs í klarínettuleik  
Kristín Jóna Bragadóttir

Vorönn 2017

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur

# Erlendir áhrifamenn í íslensku tónlistarlífi á 20. öld

*Einkum þáttur Páls Pampichler Pálssonar  
og annarra blásturshljóðfæraleikara*

Ritgerð til BMus-prófs í klarínettuleik

Kristín Jóna Bragadóttir

Kt.: 181292-2889

Leiðbeinandi: Ingibjörg Eypórsdóttir

Vorönn 2017

## Útdráttur

Í upphafi 20. aldar tók tónlistarlífið á Íslandi gífurlegum breytingum og framförum en fram að því hafði það verið hefðbundið, þróun þess tiltölulega hæg og tónlistarkennsla verið takmörkuð. Á 20. öldinni bárust til Íslands nýjar hugmyndir frá meginlandi Evrópu þegar nokkur fjöldi Íslendinga fluttist aftur heim til Íslands eftir að hafa lagt stund á tónlistarnám erlendis auk þess sem fjöldi erlendra tónlistarmanna kom til landsins. Þessir erlendu tónlistarmenn lögðu mikið af mörkum við að efla tónlistarlíf landsins með því að kynna erlendar stefnur og strauma, stjórna hljómsveitum, kenna tónlist og útsetja og semja verk auk þess sem þeir léku á hljóðfæri og skemmtu landsmönnum. Vegna áhrifa þeirra tók þróun íslensks tónlistarlífs stórt stökk og mun styttri tíma en hún hefði annars gert. Framlag þeirra er Íslendingum því enn í dag ákaflega mikilvægt.

Hluti þeirra erlendu tónlistarmanna sem komu til landsins á 20. öld lék á blásturshljóðfæri og skiptu þeir sköpum í því að hljómsveitarstarf eflist til muna á Íslandi, sem og að Íslendingar lærðu á blásturshljóðfæri. Páll Pampichler Pálsson var einn þeirra erlendu blásturshljóðfærалеikara sem komu til Íslands og lagði hann mikið af mörkum í menntun nemenda á blásturshljóðfæri auk þess sem hann eflði hljómsveitarstarf og tónlistarlíf landsmanna almennt til mikilla muna. Það gerði hann með því að kenna börnum hljóðfærалеik, stjórna lúðrasveit og kór áhugamanna, sem og Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hann útsetti og samdi fjölda verka.

Til að varpa ljósi á þróun tónlistarlífsins á Íslandi og áhrif erlendra tónlistarmanna sem komu hingað til lands eru hvort tveggja sögulegar heimildir skoðaðar og stuðst við viðtöl, m.a. við Pál Pampichler Pálsson.

## **Abstract**

In the early 20th century, musical life in Iceland changed drastically and made extraordinary progress. Up to that time it had been quite insular; progress had been slow and musical education was limited. In the 20th century, new ideas came to Iceland from the mainland of Europe when some Icelanders moved back home after having studied music abroad. In addition to that, a number of musicians moved to the country from Europe. They made a great contribution to the development of Icelandic musical life by introducing new techniques and trends to Icelanders, conducting Icelandic bands, teaching, arranging and composing music, as well as playing various instruments, giving concerts and entertaining local audiences. Because of their influence, the development of Icelandic musical life took a major leap forward in a much shorter time than it would otherwise have done. Therefore their contribution remains extremely important to this day.

Some of the musicians who came to Iceland in the 20th century played wind instruments. They transformed orchestral development in Iceland and were also important for teaching the nation how to play these instruments. Páll Pampichler Pálsson was one of these musicians, and he made a great contribution to musical education, not only as regards wind instruments, but also to the musical life in general. He furthered orchestral life in Iceland by teaching music to children, and also by conducting an amateur wind band and one of the most prominent male choirs of the country, as well as the Icelandic Symphony Orchestra. In addition, he has arranged and composed a large number of works.

This paper is based on historical sources as well as some interviews, for instance with Páll Pampichler Pálsson, in order to highlight the development of musical life in Iceland and the influence of the foreign musicians who came to Iceland.

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>1. Tónlistarlíf á Íslandi frá upphafi 20. aldar til ársins 1930</b> .....	<b>1</b>
1.1 Hljómsveit Reykjavíkur .....	2
<b>2. Tónlistarlíf á Íslandi 1930-1950</b> .....	<b>3</b>
2.1 Alþingishátíðin 1930 .....	3
2.1.1 Franz Mixa.....	4
2.2 Tónlistarskólinn í Reykjavík .....	4
2.3 Ríkisútvarpið .....	5
2.4 Áhrif ofsókna nasista og síðari heimsstyrjaldarinnar .....	6
2.4.1 Robert Abraham, Heinz Edelstein og Victor Urbancic .....	6
2.4.2 Upphaf djass-tónlistar á Íslandi .....	7
2.5 Sinfóníuhljómsveitir á Íslandi .....	8
<b>3. Blásturshljóðfæraleikarar á Íslandi</b> .....	<b>9</b>
<b>4. Páll Pampichler Pálsson</b> .....	<b>12</b>
<b>5. Störf Páls á Íslandi</b> .....	<b>13</b>
5.1 Stjórnandinn Páll .....	14
5.1.1 Tónleikaferðir Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Páls .....	16
5.2 Kennarinn Páll .....	16
5.3 Tónskáldið Páll.....	17
5.3.1 Verðlaun og viðurkenningar .....	18
5.3.2 Helstu verk Páls .....	19
<b>Lokaorð</b> .....	<b>21</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>22</b>

## Inngangur

Tónlistarlíf á Íslandi var hefðbundið lengi vel, þróun þess var tiltölulega hæg og tónlistarkennsla af skornum skammti fram að upphafi 20. aldar en á þeirri öld tók tónlistarlífið á Íslandi gríðarmiklum breytingum og framförum. Á 20. öldinni fluttist nokkur fjöldi Íslendinga utan til tónlistarnáms og kom til baka að námi loknu með nýjar hugmyndir erlendis frá. Þá kom einnig fjöldi erlendra tónlistarmanna til Íslands og áttu þeir eftir að hafa varanleg áhrif á tónlistarlífið í landinu. Þróun tónlistarlífsins á Íslandi tók stórt stökk við komu þeirra og tók mun styttri tíma en hún hefði gert ef þessir erlendu tónlistarmenn hefðu ekki komið til landsins, kynnt erlendar stefnur og strauma og lagt sitt af mörkum til þess að Íslendingar gætu flutt tónlist, hlustað á og notið hennar. Framlag þeirra er Íslendingum því enn í dag ákaflega mikilvægt.<sup>1</sup>

Einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem haft hefur mikil áhrif á tónlistarlífið á Íslandi, mótað það og eflt í átt til þess sem við þekkjum nú er Páll Pampichler Pálsson. Hann var menntaður trompetleikari og kom hingað til lands árið 1949 í þeim tilgangi að stjórna Lúðrasveit Reykjavíkur og leika með Útvarpshljómsveitinni.<sup>2</sup>

Í ritgerðinni verður leitast við að skoða hinar gagngeru breytingar sem urðu á íslensku tónlistarlífi á 20. öldinni og hvaða þátt Páll og aðrir erlendir tónlistarmenn sem komu til Íslands áttu í uppbyggingu þess.

### 1. Tónlistarlíf á Íslandi frá upphafi 20. aldar til ársins 1930

Erlend áhrif í tónlist hafa lengi sett mark sitt á tónlistarlífið á Íslandi. Á fyrri hluta 20. aldar bárust slík erlend áhrif hvort tveggja með Íslendingum sem fóru erlendis til náms og komu heim aftur með ýmsar nýjungar og með erlendum tónlistarmönnum sem komu hingað til lands. Helgi Helgason var einn þeirra sem fór erlendis til tónlistarnáms en hann lærði á horn í Kaupmannahöfn til skamms tíma fyrir aldamótin 1900.<sup>3</sup> Heim kominn stofnaði Helgi Lúðurþeytarafélag Reykjavíkur og stjórnaði því

---

<sup>1</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld: Brautryðjendur – stóra stökkið,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. apríl 2007, bls. 4-5, sótt 12. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4149913](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4149913).

<sup>2</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu: Erlendir tónlistarmenn á Íslandi 1930-1960* (Reykjavík: Sögufélag, 2016), bls. 61 og 222; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal Sigurðar I. Snorrasonar eftir spurningum höfundar við Pál Pampichler Pálsson um líf hans og störf í þágu íslensks tónlistarlífs, tekið í Graz 5. maí 2014.

<sup>3</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld,“ bls. 5.

samfleytt í 26 ár.<sup>4</sup> Aðrir Íslendingar sem fóru utan til tónlistarnáms snemma á öldinni voru m.a. Þórarinn Guðmundsson sem stundaði fiðlunám í Danmörku á árunum 1910-1914, Páll Ísólffsson sem lærði í Leipzig í Þýskalandi á árunum 1913-1921 og Jón Leifs sem fór utan til Þýskalands árið 1916. Þórarinn og Páll fluttu aftur heim til Íslands að námi loknu og unnu ötullega að tónlistinni hér á landi. Jón settist á hinn bóginn að í Þýskalandi og starfaði þar allt til ársins 1944.<sup>5</sup> Hann bar engu að síður hag tónlistarmála á Íslandi mjög fyrir brjósti og stóð að uppbyggingu þeirra með ýmsum hætti. Stuðlaði Jón m.a. að því að hingað komu nokkrir þýskir tónlistarmenn á 3. áratug 20. aldar, þ. á m. þýski tónlistarmaðurinn Otto Böttcher sem var fyrsti vel menntaði blásturshljóðfæraleikarinn sem kom til landsins.<sup>6</sup>

## 1.1 Hljómsveit Reykjavíkur

Sumarið 1921 var Kristján X Danakonungur væntanlegur til Íslands. Af því tilefni var Þórarinn Guðmundsson fiðluleikari fenginn til að æfa hljómsveit til að leika fyrir konunginn og kom hann á fót og stjórnaði 20 manna hljómsveit sem hóf æfingar árið 1920. Í hljómsveitinni var leikið á píanó, harmoníum, tvær flautur, tvær klarínettur, fagott, tvo trompeta og strengjahljóðfæri. Fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar voru haldnir 22. maí 1921 í Nýja bíói og var það stór viðburður í íslenskri tónlistarsögu enda í fyrsta skipti sem haldnir voru tónleikar með íslenskri hljómsveit af þessum toga.<sup>7</sup> Árni Thorsteinson skrifaði góða dóma um tónleikana í Morgunblaðið:

Það var töluverður „Orchester“-hremur í hljóðfæraleiknum [. . .] Hljómleikur þessi var svo góð byrjun, að vænta má hins bezta af honum síðar meir, ef hljómleikastjórinn og hver og einn af flokksmönnum hans gjörir nú sitt ýtrasta til að halda flokknum saman og halda við góðu samræmi og hinum góðu samtökum sem heyra mátti nær því í hverju lagi sem flokkurinn lék.<sup>8</sup>

---

<sup>4</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands: Saga og stéttartal* (Reykjavík: Sögusteinn, 2000), bls. 17.

<sup>5</sup> Ingólfur Kristjánsson, *Strokið um strengi: Endurminningar Þórarins Guðmundssonar* (Reykjavík: Setberg, 1966), bls. 111-112; Matthías Johannessen, *Hundaþúfan og hafið: Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólffsson* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1961), bls. 91, 191 og 194-195; Árni Heimir Ingólfsson, *Jón Leifs: Líf í tónum* (Reykjavík: Mál og menning, 2009), bls. 49 og 251.

<sup>6</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld,“ bls. 5.

<sup>7</sup> Ingólfur Kristjánsson, *Strokið um strengi*, bls. 212-216.

<sup>8</sup> Árni Thorsteinsson, „Hljómleikarnir,“ *Morgunblaðið*, 24. maí 1921, bls. 2, sótt 22. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=1206541](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1206541).

Nokkrum vikum eftir tónleikana kom konungurinn til landsins og lék hljómsveitin þá í veislu sem haldin var honum til heiðurs í Iðnó.<sup>9</sup> Hljómsveit Reykjavíkur var formlega stofnuð upp úr þeirri nafnlausu hljómsveit sem sett hafði verið saman fyrir konungskomuna og hóf hún æfingar haustið 1921.<sup>10</sup>

Starfsemi Hljómsveitar Reykjavíkur var nokkuð sveiflukennd og lá um tíma niðri en árið 1925 var nýju lífi blásið í hljómsveitina og lék hún þá undir stjórn Sigfúsar Einarssonar í tengslum við uppsetningu leikrits hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Hélt hljómsveitin starfsemi sinni áfram eftir að sýningum leikfélagsins lauk.<sup>11</sup> Hljómsveit Reykjavíkur samanstóð annars vegar af hljóðfæraleikurum sem höfðu atvinnu af tónlist og hins vegar öðrum hljóðfæraleikurum sem gegndu annars konar störfum og höfðu hljóðfæraleik sem áhugamál. Voru álíka margir atvinnumenn og áhugamenn í hljómsveitinni.<sup>12</sup>

## 2. Tónlistarlíf á Íslandi 1930-1950

Árið 1930 var tímamótaár í íslenskri tónlistarsögu en þá var Alþingishátíðin haldin hátíðleg auk þess sem Tónlistarskólinn í Reykjavík og Ríkisútvarpið voru stofnuð. Segja má að upphaf nútíma tónlistarmenningar á Íslandi megi rekja til þessara viðburða.<sup>13</sup>

### 2.1 Alþingishátíðin 1930

Ísland varð fullvalda ríki í lok árs 1918 og mikil þjóðernishyggja ríkti á þeim tíma. Í lok júní 1930 var mikil hátíð haldin á Þingvöllum í tilefni þess að 1000 ár voru liðin frá stofnun Alþingis Íslendinga. Hin ríkjandi þjóðernishyggja var hvati þess að Íslendingum var mikið í mun að koma fram sem menningarþjóð. Sáú Íslendingar kjörið tækifæri til þess að sanna sig fyrir sjálfum sér og umheiminum öllum á Alþingishátíðinni og því „skyldi öllum listgreinum flíkað eins og hjá öðrum „menningarþjóðum“.<sup>14</sup> Markmið hátíðarinnar voru í raun tvenns konar, að sýna

---

<sup>9</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 16.

<sup>10</sup> Ingólfur Kristjánsson, *Strokið um strengi*, bls. 218.

<sup>11</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 28.

<sup>12</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 54.

<sup>13</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 32, 36 og 40; Monika Luise Gschiel, *Ljáðu mér vængi: Minningabrot úr lífi Páls Pampichler Pálssonar, austurríska tónlistarmannsins sem flutti til Íslands*, Sigurður I. Snorrason þýddi (óútgefin þýðing, 2016), bls.11.

<sup>14</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 28.



erlendum gestum blóma íslenskrar menningar og sýna Íslendingum að hverju bæri að stefna. Var Sigfús Einarsson, dómorganisti og stjórnandi Hljómsveitar Reykjavíkur, ráðinn söngmálastjóri hátíðarinnar.<sup>15</sup> Á hátíðinni voru frumflutt viðamestu verk íslenskra tónskálda sem höfðu heyrst fram að þeim tíma og flutti Hljómsveit Reykjavíkur, ásamt kór, m.a. Alþingiskantötu eftir Pál Ísólfsson við ljóð Davíðs Stefánssonar, undir stjórn austurríska hljómsveitarstjórans Franz Mixa. Hafði Alþingishátíðin mikil og varanleg áhrif á tónlistarlífið á Íslandi.<sup>16</sup>

### 2.1.1 Franz Mixa

Franz Mixa, sem var austurrískur píanóleikari, hljómsveitarstjóri og með doktorsgráðu í tónlistarfræði, kom til Reykjavíkur í nóvember 1929, 27 ára gamall. Strax við komuna til Íslands tók hann við stjórn Hljómsveitar Reykjavíkur og hafði mikil áhrif á tónlistarlífið á Íslandi. Eftir Alþingishátíðina 1930 og hátíðartónleika sem Hljómsveit Reykjavíkur hélt það sama ár voru allir sammála um að hann hefði unnið gott starf með hljómsveitinni. Auk þess að stjórna Hljómsveit Reykjavíkur stjórnaði Mixa fyrstu óperettu- og óperuuppfærslunum á Íslandi og var einnig aðalkennari Tónlistarskólans í Reykjavík við stofnun hans árið 1930. Mixa sneri aftur til Austurríkis árið 1938 og kenndi þar bæði við Háskólann og Tónlistarháskólann í Graz.<sup>17</sup>

## 2.2 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1930. Hann var ekki fyrsti tónlistarskólinn sem stofnaður var á Íslandi en er sá elsti sem enn er starfræktur.<sup>18</sup> Páll Ísólfsson var ráðinn fyrsti skólastjóri Tónlistarskólans og myndaði kjarnann í kennaraliði skólans ásamt Franz Mixa og tveimur öðrum austurrískum tónlistarmönnum sem Mixa var fenginn til að velja.<sup>19</sup> Kennslan fór fram í Hljómskálanum í Reykjavík og voru um 40 nemendur fyrsta veturinn sem lærðu á

---

<sup>15</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 28 og 31; Magnús Jónsson, *Alþingishátíðin 1930* (Reykjavík: H.F. Leiftur, 1943), bls. 30 og 104-106.

<sup>16</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 38.

<sup>17</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 32-34 og 217-218.

<sup>18</sup> Margrét Sveinbjörnsdóttir, „Tónlistarskóli á tímamótum: 70 ára afmæli Tónlistarskólans í Reykjavík,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 30. september 2000, bls. 8, sótt 5. maí 2017 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=3315894](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3315894).

<sup>19</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 41; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 38.

píanó, fiðlu, selló, kontrabassa og víólu auk þess sem kennd voru hljómfraði og tónlistarsaga.<sup>20</sup>

Lengi framan af var kennsla á blásturshljóðfæri mjög stopul í Tónlistarskólanum og kom það niður á starfi hljómsveita á Íslandi.<sup>21</sup> Þóttu blásarar sem spiluðu með Hljómsveit Reykjavíkur t.a.m. ekki alltaf standa sig nógu vel ef marka má gagnrýni sem birtist í Útvarpstíðindum árið 1942 um tónleika sem haldnir voru 7. desember 1941 þar sem flutt voru nokkur verk eftir W. A. Mozart.

Þetta eru með erfiðustu viðfangsefnum, sem hljómsveitin enn hefur ráðizt í að flytja, og má segja, að árangurinn hafi verið mjög góður eftir aðstæðum. Svörtu sauðir sveitarinnar voru, eins og endranær, blásararnir. Þeir eru, undantekningarlítið, langt fyrir neðan þær lágmarkskröfur, sem gera þarf til þeirra. Orsökina er sú, að mjög lítið hefur verið um kennslu í blásturshljóðfræði, svo og, að fáir gefa sig fram til þess að læra á þau. Úr þessu þarf að bæta hið allra bráðasta, fá hingað góðan eða góða kennara og vekja áhuga manna fyrir blásturshljóðfærum, kenna þeim að meta þau.<sup>22</sup>

Kennsla á blásturshljóðfæri hófst í Tónlistarskólanum á fimmta áratug 20. aldar og árið 1954 voru stofnaðar drengjalúðrasveitir í barnaskólum Reykjavíkur þar sem drengjum, og síðar einnig stúlkum, var boðið upp á blásturshljóðfæranám.<sup>23</sup>

### 2.3 Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið var, eins og Tónlistarskólinn í Reykjavík, stofnað árið 1930 og var Páll Ísólfsson, skólastjóri Tónlistarskólans, ráðinn tónlistarstjóri þess.<sup>24</sup> Þórarinn Guðmundsson fiðluleikari og Emil Thoroddsen píanóleikari voru jafnframt ráðnir til starfa hjá útvarpinu og léku þeir venjulega tvisvar til þrisvar í viku í útvarpið. Var það nánast eini lifandi tónlistarflutningurinn í Ríkisútvarpinu á upphafsárum þess, auk einsöngs sem fluttur var einu sinni í viku. Fljótlega fjölgaði í hópi þeirra sem spiluðu í útvarpinu og þegar útvarpið flutti bækistöðvar sínar í Landssímahúsið við Austurvöll, árið 1932 varð mögulegt að stækka hljómsveitina sem kölluð var

---

<sup>20</sup> Bjarki Sveinbjörnsson, „Tónlist á Íslandi á 20. öld: Með sérstakri áherslu á upphaf og þróun elektrónískrar tónlistar á árunum 1960-90,“ PhD-ritgerð, Institut for Musik og Musikterapi Aalborg Universitet, 1997, bls. 27-28, sótt 2. mars 2017 á <http://www.ismennt.is/not/bjarki/phd/phd.html>.

<sup>21</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 43.

<sup>22</sup> Höfundur ókunnur (P.K.P.), „Um tónlist.“ *Útvarpstíðindi* 4, 11 (janúar 1942): 161, sótt 11. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=332254&pageId=5212626&lang=is&q=%DATVA%RPST%CD%DOINDI](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=332254&pageId=5212626&lang=is&q=%DATVA%RPST%CD%DOINDI).

<sup>23</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 43.

<sup>24</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 40.

Útvarpshljómsveitin.<sup>25</sup> Auk Útvarpshljómsveitarinnar léku nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík beint inn í hádegisútvarpið.<sup>26</sup>

## 2.4 Áhrif ofsókna nasista og síðari heimsstyrjaldarinnar

Árið 1933, aðeins nokkrum árum eftir að Tónlistarskólinn í Reykjavík og Ríkisútvarpið voru stofnuð, komust nasistar til valda í Þýskalandi. Í kjölfar ofsókna þeirra yfirgaf fjöldi tónlistarmanna Þýskaland og síðar önnur Evrópuríki. Nokkrir þessara tónlistarmanna komu til Íslands og áttu þeir eftir að hafa mikil áhrif á tónlistarlíf landsins. Þeirra á meðal voru Robert Abraham, Heinz Edelstein og Victor Urbancic sem allir störfuðu sem kennarar við Tónlistarskólann í Reykjavík og eflidist starf skólans verulega með starfskröftum þeirra.<sup>27</sup>

### 2.4.1 Robert Abraham, Heinz Edelstein og Victor Urbancic

Robert Abraham, síðar Róbert A. Ottósson, var þýskur píanóleikari og hljómsveitarstjóri af gyðingaættum. Hann kom til Íslands árið 1935, 23 ára gamall, og hóf feril sinn hér á landi á Akureyri sem píanókennari og kórstjórnandi. Róbert var farsæll tónlistarkennari, útsetjari og stjórnandi og stjórnaði hér á landi m.a. Sinfóníuhljómsveit FÍH og Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hann stýrði óperuuppfærslum í Þjóðleikhúsinu.<sup>28</sup> Þá var hann fyrstur manna til að ljúka doktorsgráðu í tónvísindum frá Háskóla Íslands árið 1959.<sup>29</sup>

Heinz Edelstein var þýskur sellóleikari og kom til Íslands árið 1937. Edelstein var 1. sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 1950-1956 auk þess sem hann starfaði sem sellóleikari með kammerhópum. Hann sá um tónlistarkennslu barna í Tónlistarskólanum í Reykjavík og stofnaði árið 1952 Barnamúsíkskólann, sem síðar varð Tónmenntaskóli Reykjavíkur. Árið 1956 sneri Edelstein aftur til Þýskaland og starfaði þar sem tónlistarkennari þar til hann lést þremur árum síðar, árið 1959.<sup>30</sup>

---

<sup>25</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 44-45; Gunnar Stefánsson, *Útvarp Reykjavík: Saga Ríkisútvarpsins 1930-1960* (Reykjavík: Sögufélag, 1997), bls. 97.

<sup>26</sup> Guðrún Egilson, *Spilað og spaugað: Rögnvaldur Sigurjónsson leikur af fingrum fram* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1978), bls. 44.

<sup>27</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Stríðsgróðinn – evrópsk hámenning: Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld – 2. grein,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. apríl 2007, bls. 4-5, sótt 12. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4149929](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4149929).

<sup>28</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 201.

<sup>29</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Stríðsgróðinn – evrópsk hámenning,“ bls. 4.

<sup>30</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 207.

Victor Urbancic var frá Austurríki. Hann lærði píanóleik, tónsmíðar og hljómsveitarstjórn auk þess sem hann lauk doktorsprófi í tónvísindum aðeins 22 ára gamall. Að námi loknu gegndi hann stöðu hljómsveitarstjóra við ýmis fræg óperuhús, s.s. í Mainz í Þýskalandi, í Belgrad í Serbíu og í Graz í Austurríki. Urbancic starfaði við Tónlistarháskólann í Graz þegar valdataka nasista átti sér stað í Austurríki árið 1938. Kona hans, Melitta, var af gyðingaættum og því stóð þeim ógn af nasistunum. Fór svo að hann fékk tækifæri til að skipta um starf við fyrrum skólalabróður sinn, Franz Mixa, sem vildi fara frá Íslandi heim til Graz. Tók Urbancic við stöðu Mixa sem stjórnandi Hljómsveitar Reykjavíkur og aðalkennari Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1938.<sup>31</sup> Á Íslandi stjórnaði Urbancic einnig kór Tónlistarfélagins í Reykjavík sem flutti mörg stór verk undir hans stjórn.<sup>32</sup> Síðar átti hann eftir að stjórna Symfóníuhljómsveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Urbancic stjórnaði fyrstur manna á Íslandi mörgum perlum tónbókmenntanna fyrir kór og hljómsveit, s.s. Messías eftir G. F. Händel og Sálumessu eftir W. A. Mozart. Árið 1943 setti Urbancic Passíusálma Hallgríms Péturssonar og sálma ýmissa annarra íslenskra 17. aldar skálda við Jóhannespassíuna eftir J. S. Bach og var það mikið þrekvirki. Þegar Þjóðleikhúsið var vígt árið 1950 stjórnaði Urbancic tónlistinni á opnunarsýningunni og var ráðinn kór- og hljómsveitarstjóri hússins árið 1953. Auk þess að stjórna og kenna starfaði Urbancic sem meðleikari á píanó, útsetjari og tónskáld. Urbancic lést árið 1958, aðeins 54 ára gamall. Þá hafði hann verið á Íslandi í 20 ár og gefið mikið af sér til tónlistarlífs landsins.<sup>33</sup>

#### 2.4.2 Upphaf djass-tónlistar á Íslandi

Í heimsstyrjöldinni síðari rofnuðu almennar samgöngur milli Íslands og meginlands Evrópu og varð þá hvort tveggja ómögulegt að ráða þaðan nýja tónlistarmenn til Íslands og þeir sem þegar voru komnir urðu að vera um kyrrt. Fjöldi erlendra hermanna kom þá aftur á móti til Íslands, þ. á m. hermenn sem voru tónlistarmenn.<sup>34</sup> Djasshljómsveitir og swing-plötur bárust til Íslands með komu bandaríska herliðsins og leiddi það til djassvakningar meðal Íslendinga. Tókust þá áhrif tónlistar frá Ameríku á við evrópska skemmtitónlist sem hafði verið ríkjandi í Reykjavík.

<sup>31</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 48 og 229.

<sup>32</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 53.

<sup>33</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 53-54 og 229; Ingibjörg Eypórsdóttir, „Stríðsgróðinn – evrópsk hámenning,“ bls. 5.

<sup>34</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 51-52.

Innlendar djasshljómsveitir urðu til og léku blásturshljóðfæraleikarar meðal annarra með í þeim.<sup>35</sup>

## 2.5 Sinfóníuhljómsveitir á Íslandi

Eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk voru fleiri erlendir tónlistarmenn fengnir til Íslands og nýir tónlistarskólar voru stofnaðir. Árið 1950 var Sinfóníuhljómsveit Íslands stofnuð og hefur hún starfað samfleytt síðan þá.<sup>36</sup> Fyrir árið 1950 höfðu verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að stofna sinfóníuhljómsveit en þær hljómsveitir sem tókst að koma á fót urðu ekki langlífur.<sup>37</sup> Tilraun Jóns Leifs til að stofna sinfóníuhljómsveit árið 1921 var ein þeirra tilrauna sem rann út í sandinn og Hljómsveit FÍH er dæmi um sinfóníuhljómsveit sem starfaði í stuttan tíma. Hún var stofnuð árið 1944 og hélt fimm tónleika undir stjórn Róberts A. Ottóssonar áður en hún lognaðist út af sama ár.<sup>38</sup>

Sveiflukennd starfsemi Hljómsveitar Reykjavíkur verður að teljast forveri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er haft eftir Þórarni Guðmundssyni fiðluleikara: „Segja má [. . .], að Hljómsveit Reykjavíkur hafi ekki aðeins verið undanfari Sinfóníuhljómsveitarinnar, heldur beinlínis sá grundvöllur, sem hún byggðist á í upphafi.“<sup>39</sup>

Er starfsemi Hljómsveitar Reykjavíkur hafði dvínað var hljómsveitinni gefið nýtt nafn, Symfóníuhljómsveit Reykjavíkur sem hélt sína fyrstu tónleika í janúar 1948.<sup>40</sup> Páll Ísólffsson var einn þeirra sem skrifaði gagnrýni í Morgunblaðið um fyrstu tónleika Symfóníuhljómsveitar Reykjavíkur og sagði meðal annars:

Til þess að skapa fyrsta flokks hljómsveit, þarf hver einasti meðlimur að vera framúrskarandi á sitt hljóðfæri og ekkert hljóðfæri má vanta. Er þetta nú allt á góðum vegi hjer hjá oss, en þó skortir á, hvað ýms hljóðfæri snertir. Samt virðist svo, sem tíminn sje nú kominn til að slík fyrsta flokks hljómsveit verði stofnuð, þó ráða þurfi nokkra erlenda menn, og þarf hið opinbera að taka höndum saman við hljóðfæraleikarana svo að þessi „nýsköpun“ á sviði tónlistarinnar nái sem fyrst fram að ganga. „Íslands hljómsveitin“ þarf að vera skipuð úrvalsmönnum einum og þeim mönnum verður að skapa góð

<sup>35</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 55.

<sup>36</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 57 og 62-63.

<sup>37</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 25-27; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 55.

<sup>38</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 17 og 55.

<sup>39</sup> Ingólfur Kristjánsson, *Strokið um strengi*, bls. 219.

<sup>40</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 66.

lífsskilyrði, svo að þeir geti algerlega helgað þessu mikla menningarstarfi alla krafta sína.<sup>41</sup>

Bera ummæli Páls með sér að þrátt fyrir að rekstur sinfóníuhljómsveita hafi ekki gengið vel á Íslandi ríkti bjartsýni um að slík hljómsveit gæti starfað. Fór svo að ákveðið var að Ríkisútvarpið, ásamt Tónlistarfélaginu í Reykjavík og Þjóðleikhúsinu, tækju rekstur sinfóníuhljómsveitar að sér og til varð Sinfóníuhljómsveit Íslands. Segja má að stofnun hennar hafi markað farsæl endalok áratuga langra tilrauna til að reka slíka hljómsveit hér á landi og voru fyrstu tónleikar sveitarinnar haldnir 9. mars 1950.<sup>42</sup> Róbert A. Ottósson stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar og var hún þá skipuð 40 hljóðfæraleikurum. Um helmingur hljóðfæraleikaranna var af nýrri kynslóð íslenskra tónlistarmanna sem hafði fengið að menntast heima á Íslandi á árunum eftir 1930 en 13 hljóðfæraleikararanna voru erlendir.<sup>43</sup>

### 3. Blásturshljóðfæraleikarar á Íslandi

Í upphafi lagði Tónlistarskólinn í Reykjavík megináherslu á menntun strengja- og hljómborðsleikara og því skorti hæfa blásturshljóðfæraleikara.<sup>44</sup> Þó djassvakningin á Íslandi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar hefði í för með sér að fleiri léku á blásturshljóðfæri náði djassvakningin ekki til allra blásturshljóðfæra sinfónískra hljómsveita og skorti mjög að menn spiluðu á fagott, óbó og horn.<sup>45</sup>

Til þess að efla blásaradeild væntanlegrar sinfóníuhljómsveitar á Íslandi fóru nokkrir Íslendingar utan til náms, gagngert til þess að læra á blásturshljóðfæri. Voru þeir allir styrktir til námsins með því skilyrði að þeir kæmu aftur til Íslands að námi loknu. Árið 1944 fóru Andrés Kolbeinsson og Árni Björnsson til Manchester í Englandi þar sem Andrés lærði á óbó en Árni á þverflautu. Ári síðar fór Egill Jónsson

---

<sup>41</sup> Páll Ísólsson, „Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur: Tónleikar í Austurbæjarbío,“ *Morgunblaðið*, 22. janúar 1948, bls. 5, sótt 28. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107429&pageId=1266354&lang=is&qMORGUNBLA%DOI%D0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107429&pageId=1266354&lang=is&qMORGUNBLA%DOI%D0).

<sup>42</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 61-62.

<sup>43</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 86-87; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 62.

<sup>44</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 42-43.

<sup>45</sup> Victor Urbancic, úr „Bréfabálki.“ *Tónlistin* 1, 2 (mars 1942): 38-40, sótt 10. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=5720935](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5720935).

til Manchester þar sem hann sótti tíma í klarínnettuleik en Vilhjálmur Guðjónsson fór til Bandaríkjanna, einnig til þess að læra á klarínettu.<sup>46</sup>

Blásturshljóðfæraleikur var einnig eflur á Íslandi með komu erlendra hljóðfæraleikara. Þó flestir þeirra tónlistarmanna sem komu í upphafi erlendis frá hafi leikið á strengjahljóðfæri, hljómborðshljóðfæri eða sungið voru nokkrir sem léku á blásturshljóðfæri og var Þjóðverjinn Otto Böttcher einn þeirra.<sup>47</sup> Böttcher spilaði á horn og fiðlu, var fyrsti stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur og aðalkennari Hljóðfæraskóla Reykjavíkur á árunum 1922-1924. Hann var fyrsti kennarinn til þess að kenna á blásturshljóðfæri hér á landi að Helga Helgasyni frátöldum og hafði mikil áhrif þrátt fyrir aðeins tveggja ára dvöl hér á landi.<sup>48</sup>

Helmuth Fiddicke og Albert Klahn voru báðir þýskir fiðluleikarar og störfuðu sem hljóðfæraleikarar á skemmtistöðum í Reykjavík. Fiddicke lék einnig á trompet en hann kom til Íslands árið 1931, stjórnaði Lúðrasveit Reykjavíkur og kenndi á blásturshljóðfæri við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1933-1934 auk þess sem hann spilaði á skemmtistöðum borgarinnar. Klahn var hljómsveitarstjóri auk fiðluleiksins og gat jafnframt leikið á hin ýmsu hljóðfæri. Hann fluttist til Íslands árið 1936 og samhlíða því að starfa sem tónlistarmaður á skemmtistöðum í Reykjavík sinni hann tónlistarkennslu og kenndi m.a. á blásturshljóðfæri. Þá stjórnaði Klahn Lúðrasveit Reykjavíkur á árunum 1936 eða 1938<sup>49</sup> til ársins 1949 og Lúðrasveit Hafnarfjarðar 1949-1960. Klahn lék fyrst með Útvarpshljómsveitinni og síðan með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 1950-1957 á pákur.<sup>50</sup>

Wilhelm Lanzky-Otto, hornleikari, kom til Íslands frá Danmörku, árið 1945. Hann starfaði sem horn- og píanóknari við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1945-1951 og sem meðleikari á píanó. Hann lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands um eins árs skeið, frá 1950 til 1951, og var fyrsti einleikarinn sem kom fram með Sinfóníuhljómsveitinni þegar hann lék hornkonsert í Es-dúr eftir W. A. Mozart í maí 1950. Lanzky-Otto hélt jafnframt einleikstónleika og lék með kammerhópum auk þess

---

<sup>46</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 68.

<sup>47</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 38-49 og 204.

<sup>48</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 18-19 og 204; Ingibjörg Eypórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld,“ bls. 5.

<sup>49</sup> Heimildum ber ekki saman: Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 169; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 214.

<sup>50</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 209 og 214; Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 93 og 169.

sem hann stjórnaði um tíma Lúðrasveit Akureyrar og Lúðrasveitinni Svaninum. Árið 1951 fluttist hann til Svíþjóðar og starfaði þar sem hornleikari og prófessor.<sup>51</sup>

Árið 1948 kom austurrísk-tékkneski tónlistarmaðurinn Jan Morávek til Íslands. Hann var einstaklega fjölhæfur tónlistarmaður og var talinn geta leikið á hvaða hljóðfæri sem væri. Reglulega lék hann á klarínettu, selló, fagott, fiðlu, harmóníku og píanó. Hann starfaði sem hljóðfæraleikari og hljómsveitarstjóri á skemmtistöðum, lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 1950-1970 á fagott og síðar á selló og var afkastamikill útsetjari og kórstjóri.<sup>52</sup>

Í tengslum við stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands var leitað til erlendra hljóðfæraleikara og á upphafstónleikum hljómsveitarinnar léku 13 hljóðfæraleikarar erlendis frá, þar af voru sjö sem léku á fimm tegundir blásturshljóðfæra, flautu, óbó, fagott, trompet og horn.<sup>53</sup> Meðal þessara erlendu hljóðfæraleikara voru fjórir Þjóðverjar, Willy Bohring flautuleikari, Paul Pudelski óbóleikari, Adolf Kern fagottleikari og Alois Spach hornleikari. Þeir spiluðu allir, auk íslenska klarínettuleikarans Egils Jónssonar, í verki fyrir fimm blásturshljóðfæri, Divertimento í B-dúr eftir J. Haydn, á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 9. mars 1950.<sup>54</sup>

Austurríski trompetleikarinn Paul Pampichler kom einnig til Íslands fyrir stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands og átti hann eftir að hafa mikil áhrif á tónlistarlífið á Íslandi. Hann spilaði á trompet með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá stofnun hennar árið 1950 til ársins 1959, stjórnaði Lúðrasveit Reykjavíkur og Drengjalúðrasveit Vesturbæjar og varð síðar stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Pampichler varð íslenskur ríkisborgari árið 1958 og tók af því tilefni upp nafnið Páll Pampichler Pálsson. Páll fluttist aftur til Austurríkis árið 1991, hann er enn að störfum og hefur verið afkastamikill útsetjari og tónskáld um langt árabil.<sup>55</sup>

Fyrir tilstilli Páls komu fagottleikarinn Hans Ploder og hornleikarinn Herbert Hriberschek einnig frá Austurríki til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.<sup>56</sup> Ploder kom til landsins árið 1951, hóf störf hjá Sinfóníuhljómsveitinni sama ár og lék

---

<sup>51</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 57 og 216-217; Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 90 og 247.

<sup>52</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 219.

<sup>53</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 87.

<sup>54</sup> Þorsteinn Valdimarsson, „Vor á góu: Tónleikar sinfóníuhljómsveitarinnar,“ *Þjóðviljinn*, 12. mars 1950, bls. 3, sótt 11. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213703](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213703).

<sup>55</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 222.

<sup>56</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 64-65.



með henni allt til ársins 1991 eða 1995<sup>57</sup>. Einnig lék hann kammertónlist, var einn af stofnendum Kammersveitar Reykjavíkur, stjórnaði Lúðrasveit Hafnarfjarðar á árunum 1963-1988 og kenndi við Barnalúðrasveit Seltjarnarness. Hriberschek starfaði sem hornleikari með Sinfóníuhljómsveitinni á árunum 1952-1995 auk þess sem hann var afkastamikið tónskáld og starfaði sem tónlistarkennari og kórstjóri í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík, þar sem hann var skólastjóri á árunum 1977-1985.<sup>58</sup>

Þessir blásarar sem taldir hafa verið upp hér að framan höfðu gríðarmikil áhrif á tónlistarlíf Íslendinga. Þeir fluttu með sér þekkingu erlendis frá og miðluðu henni til Íslendinga auk þess sem þeir spiluðu fyrir landsmenn og skemmtu þeim.<sup>59</sup> Að öðrum ólöstuðum var Páll Pampichler Pálsson einn mikilvægasti tónlistarmaður Íslendinga á síðari hluta 20. aldar. Hann lék á trompet, stjórnaði íslenskum hljómsveitum og kórum, útsetti og samdi tónverk auk þess sem hann kenndi fjölda Íslendinga fyrstu skrefin í tónlistarnáminu.<sup>60</sup>

## 4. Páll Pampichler Pálsson

Páll Pampichler Pálsson var aðeins 21 árs gamall þegar hann kom til Íslands árið 1949. Hann vissi fátt um landið en taldi sig vita að þar væru eldfjöll, ísbirnir og víkingar. Honum leist engu að síður ágætlega á þá hugmynd að fara til Íslands enda bágt ástand í heimaborg hans, Graz, eftir síðari heimsstyrjöldina og Austurríki enn hersetið.<sup>61</sup> Páll, sem áður hét Paul Pampichler, fæddist í Graz í Austurríki þann 9. maí árið 1928.<sup>62</sup> Hann stundaði tónlistarnám frá níu ára aldri og lærði á trompet, píanó og fiðlu. Trompet var hans aðalhljóðfæri og brautskráðist hann frá Tónlistarháskólanum í Graz sem trompetleikari árið 1945, þá 17 ára gamall.<sup>63</sup> Það sama ár var Páll ráðinn sem trompetleikari við óperuhljómsveitina í Graz og kom það til af því að kennarinn hans, sem áður hafði gengt þeirri stöðu, var ekki kominn heim úr síðari heimsstyrjöldinni sem lauk um þetta leyti. Þannig varð Páll yngsti hljóðfæraleikarinn

---

<sup>57</sup> Heimildum ber ekki saman: Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 199; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 223.

<sup>58</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 65, 212 og 223; Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 199.

<sup>59</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 197-200.

<sup>60</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ óútgefin dagblaðsgrein, 2017; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 69.

<sup>61</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 7; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>62</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 230.

<sup>63</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 3; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 222.

sem ráðinn hafði verið að óperunni í Graz. Árin í óperuhljómsveitinni voru honum mikilvægur reynslutími og grundvöllur að framtíð hans sem tónlistarmanns. Sýningar voru hvert einasta kvöld og var þessi tími Páli bæði lærdómsríkur og erfiður. Í óperuhljómsveitinni starfaði Páll til ársins 1949 en þá var hann ráðinn til Íslands sem stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur og 1. trompetleikari í Útvarpshljómsveitinni til eins árs fyrir milligöngu Franz Mixa sem hafði kennt honum tónlistarsögu.<sup>64</sup>

Páli þótti margt framandi við Ísland og margt var ólíkt því sem hann þekkti í Austurríki, t.d. íslenska tungumálið og mikið fiskát Íslendinga, en auk þess var tónlistarlíf landsins mun fábreyttara en það sem hann átti að venjast í Graz þar sem voru rótgróin ópera og sinfóníuhljómsveit sem spilaði undir stjórn heimsfrægra hljómsveitarstjóra.<sup>65</sup> Páll var þó fljótur að aðlagast á Íslandi og las mikið á íslensku til þess að læra tungumálið og tókst það vel þrátt fyrir að hann ætti alltaf erfitt með hið rúllandi íslenska r en skrollandi r-ið sem kom úr koki Páls vakti oft kátínu meðal Íslendinga. Páll ílengdist á Íslandi og í stað þess að verja einu ári hér í landi helgaði hann sig íslensku tónlistarlífi alla starfsævina og starfaði hér í 44 ár.<sup>66</sup> Á því tímabili varð gífurleg breyting og framþróun á tónlistarlífi landsins.<sup>67</sup>

## 5. Störf Páls á Íslandi

Páll gegndi ýmsum störfum tengdum tónlist á Íslandi og hefur lagt mikið af mörkum til íslensk tónlistarlífs og samfélagsins í heild sinni. Við stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands, árið 1950, tók Páll stöðu 1. trompetleikara í hljómsveitinni og starfaði sem slíkur allt til ársins 1960.<sup>68</sup> Páll starfaði einnig sem stjórnandi og tónlistarkennari á Íslandi en hefur auk þess verið gríðarlega afkastamikið tónskáld og útsetjari.<sup>69</sup> Páll fluttist aftur til Graz árið 1991 en þrátt fyrir að hafa nú búið þar í yfir 25 ár hefur hann viðhaldið tengslum sínum við Íslendinga og fylgist enn vel með íslensku tónlistarlífi, einkum störfum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og íslenskum tónsmíðum.<sup>70</sup>

---

<sup>64</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 5 og 7-8; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 61.

<sup>65</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>66</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 10; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>67</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld,“ bls. 4.

<sup>68</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 61.

<sup>69</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 69 og 222.

<sup>70</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

## 5.1 Stjórnandinn Páll

Um hljómsveitarstjórnun sagði Páll eitt sinn:

Hljómsveitarstjóri verður að geta útskýrt með afgerandi hætti hvernig hann vill að verkið hljómi. Þess vegna verður hann að kunna það til hlítar, heyra það innra með sér, til að geta sagt til um tækni, hraða, styrkleika og stíl. En stjórnandinn á ekki að líta á sig sem guð almáttugan eða strangan yfirmann spilaranna heldur sem einn af þeim og spara orðin, óþarfar hreyfingar og andlitsgrettur á meðan hann stjórnar. Hljómsveitarstjóri á að geta sannfært hljómlistarfólkið með útgeislun sinni og vita hvað hann vill segja með tónlistinni.<sup>71</sup>

Árin fjögur í óperuhljómsveitinni í Graz voru Páli mikilvægur grunnur í hljómsveitarstjórnun. Þar stóðu við stjórnandapúltið heimsfrægir stjórnendur á borð við Karl Böhm, Josef Krips og Hans Swarowski sem Páll lærði mikið af. Þá sat prófessor Brugge við hliðina á Páli í hljómsveitinni og lék 1. trompet. Hann lagði mikið upp úr því að Páll fylgdist vandlega með í þögnum og hlustaði á hin hljóðfærin. Þetta kom sér vel síðar því Páll þekkti hvert hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar og gagnaðist það honum alla tíð í starfi hans sem hljómsveitarstjóri og ekki síður í starfi hans sem tónskáld.<sup>72</sup>

Páll stjórnaði hinum ýmsu hljómsveitum á Íslandi, m.a. Lúðrasveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og auk þess Karlakór Reykjavíkur. Lúðrasveitinni stjórnaði Páll frá því hann kom til Íslands 1949 í um aldarfjórðung en í upphafi voru aðeins 23 karlmenn í henni og hefur Páll lýst því að flestir þeirra hafi verið ágætir hljóðfæraleikarar þó töluverða vinnu hafi þurft til þess að ná því besta fram hjá þeim.<sup>73</sup> Vöktu framfarir lúðrasveitarinnar undir stjórn Páls mikla athygli.<sup>74</sup>

Stuttu eftir að Páll hóf að stjórna Lúðrasveit Reykjavíkur þurfti að æfa íslenska þjóðsönginn. Páll hafði vanist þeirri hefð í Austurríki að á hápunkti slíkra sálma væri sýmböllum slegið saman og sagði lúðrasveitarmönnum að á þeim stað þyrfti að heyrast í sýmböllum. Íslendingarnir voru forviða en hlýddu af virðingu við stjórnandann sem á þessum tímum vissi ekki að á hápunkti lagsins segir í sálminum „eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár sem tilbiður guð sinn og deyr.“ Í dag þekkir enginn

<sup>71</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 12-13 (bls. 57 í frumútgáfu).

<sup>72</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 5-6.

<sup>73</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 222; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>74</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 8.

Íslendingur sálminn án þess að sýmbalarnir skelli saman þegar sungið er um eilífðar smáblómið.<sup>75</sup>

Árið 1958 stjórnaði Páll Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn og upp frá því stjórnaði hann hljómsveitinni reglulega í fjölda ára eða allt fram á 10. áratug síðustu aldar. Páll fór utan til þýsku borgarinnar Hamborgar á árunum 1959-1960 og lærði þar hljómsveitarstjórnun. Árið 1971 var Páll ráðinn fastur hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og undir stjórn hans frumflutti hljómsveitin fjölmörg íslensk tónverk auk þess sem hún frumflutti á Íslandi ýmis erlend verk, þ. á m. stór hljómsveitarverk á borð við *Till Eulenspiegel* eftir Richard Strauss og *Konsert fyrir hljómsveit* eftir Béla Bartók.<sup>76</sup> Páll hefur einnig stjórnað fjölda erlendra hljómsveita s.s. Fílharmóníuhljómsveitinni í Stokkhólmi og Rínarfílharmóníunni. Hann hefur kappkostað að hafa íslensk verk á efnisskrám þeirra tónleika sem hann hefur stjórnað og frumflutt verk erlendis eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Nordal, Jón Leifs og Þorkel Sigurbjörnsson.<sup>77</sup>

Árið 1964 var Páll ráðinn stjórnandi Karla-kórs Reykjavíkur og gegndi hann því starfi til ársins 1990. Á árunum sem Páll stjórnaði kórnum fór kórinn í fjölmargar utanlandsferðir til ýmissa heimsálfa og skipaði íslensk tónlist veglegan sess á efnisskrám kórsins, jafnt innanlands sem utan.<sup>78</sup> Gagnkvæmt traust ríkti á milli stjórnanda og kórs og eftir æfingar settust þeir gjarnan niður, borðuðu, drukku og sögðu gamanmál. Enn í dag ganga fyndnar sögur milli kórfélaga sem Páll sagði og eru þær iðulega kallaðar „Pallabrandarar“.<sup>79</sup>

Páll stjórnaði einnig tónlistinni við fjölmargar sýningar í Þjóðleikhúsinu og jafnframt uppfærslum Íslensku óperunnar.<sup>80</sup> Léttleiki Páls og gleði þegar hann stjórnaði óperettu smitaðist auðveldlega til áheyrenda. Léttleikinn í tónlist heimalands hans var honum í blóð borin en það gat verið mikil vinna að ná honum fram hjá flytjendum. Enn í dag minnst söngvarar og hljóðfæraleikarar skipana Páls sem kallaði oft: „Stutt en ekki sterkt!“<sup>81</sup>

---

<sup>75</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 17-18.

<sup>76</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 222; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>77</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

<sup>78</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

<sup>79</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 20.

<sup>80</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

<sup>81</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 14-15.

### 5.1.1 Tónleikaferðir Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Páls

Páll fór með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fjölda tónleikaferðalaga m.a. í utanlandsferðir til Færeyja, Austurríkis og Grænlands. Fyrsta utanlandsferð hljómsveitarinnar var farin til Færeyja árið 1977, fyrir tilstilli Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍH, í tengslum við norrænt samstarf. Ferðin gekk mjög vel og fékk hljómsveitin afar góðar viðtökur og mjög góða aðsókn að tónleikunum. Ferðin til Grænlands kom einnig til vegna norræns samstarfs og var farin árið 1987 en þangað hafði sinfóníuhljómsveit ekki komið áður.<sup>82</sup>

Ferðin til Austurríkis var beinlínis farin vegna tengsla Páls við landið og hélt Sinfóníuhljómsveitin í þá ferð árið 1981.<sup>83</sup> Hápunktur þeirrar ferðar var þegar hljómsveitin hélt tónleika í Musikverein í Vínarborg.<sup>84</sup> Hefur Páll sagt að tónleikarnir hafi verið hápunkturinn á ferli hans, hver einasti maður hafi tekið þátt í tónleikunum af lífi og sál auk þess sem hljómburðurinn í salnum hafi komið hljóðfæraleikunum þægilega á óvart, svo vel hafi salurinn tekið undir að menn trúðu því varla að þeir sjálfir væru að spila.<sup>85</sup> Aukalagið á tónleikunum var útsetning Páls á lagi Sigvalda Kaldalóns, *Á Sprengisandi*, sem enn er afar vinsælt aukalag Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum. Eftir tónleikana í Musikverein fengu Páll og Sinfóníuhljómsveitin lofsamlega gagnrýni.<sup>86</sup> Hefur Páll sagt að þessar ferðir séu ógleymanlegar sér og öðrum sem í þær fóru.<sup>87</sup>

## 5.2 Kennarinn Páll

Páll kom ekki aðeins að stjórnun hljómsveita, kóra og óperusýninga á Íslandi heldur tók hann einnig virkan þátt í að mennta börn í hljóðfæraleik. Frá stofnun drengjalúðrasveita í Reykjavík stjórnaði Páll Drengjalúðrasveit og síðar Barnalúðrasveit Vesturbæjar, auk þess sem hann kenndi þar á öll málmblásturshljóðfæri. Drengjalúðrasveitirnar í Reykjavík voru í upphafi tvær og

---

<sup>82</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 15-16; Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>83</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>84</sup> Orri Páll Ormarsson, „Tónskáldið á svölunum,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. maí 1998, bls. 6-7, sótt 24. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=242832&pageId=3313505&lang=is&qLESB%D3K%20MORGUNBLA%D0SINS](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242832&pageId=3313505&lang=is&qLESB%D3K%20MORGUNBLA%D0SINS).

<sup>85</sup> Bjarki Bjarnason, *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, bls. 150 (fengið úr viðtali í Ríkisútvarpinu 1990).

<sup>86</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 16.

<sup>87</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

voru stofnaðar að frumkvæði borgarstjórans í Reykjavík, Gunnars Thoroddsen, árið 1954. Stóð borgin að starfsemi sveitanna og útvegaði hljóðfæri en markmiðið var í upphafi að bæta lúðrasveitarmenningu bæjarins og skapa tómsundastarf fyrir unga drengi. Í lúðrasveitunum gátu börn lært á ýmis blásturshljóðfæri og slagverk og auk þess fengið tilsögn í tónfræði. Páll hafði ekki kennt áður en hann tók Drengjalúðrasveitina í Vesturbænum að sér og þótti honum það skemmtileg og góð reynsla. Að auki kenndi Páll trompetleik og hljómfræði í Tónlistarskólanum í Reykjavík.<sup>88</sup> Án nokkurs vafa hafði Páll mikil áhrif með tónlistarkennslu sinni og um áratuga skeið kenndi hann fjölda barna tónlist. Með frumkvöðlastarfinu sem fylgdi fyrstu lúðrasveitunum tveimur var lagður grunnur að starfi slíkra hljómsveita sem starfræktar eru enn í dag í grunnskólum Reykjavíkur.

### 5.3 Tónskáldið Páll

Þegar Páll var 13 ára sá hann kvikmynd um tónskáldið W. A. Mozart. Snilld þessa fræga samlanda hans heillaði hann og um kvöldið lokaði hann sig af í herberginu sínu og samdi fantasíu í e-moll. Daginn eftir fór hann stoltur og eftirvæntingarfullur með tónsmíðina og sýndi hana kennaranum sínum, prófessor Michl, sem skoðaði nóturnar, reif blöðin í tvennt og sagði: „Paul, þetta gerum við nú betur!“<sup>89</sup> Seinna átti Páll eftir að verða afar afkastamikill, mikilsvert og fjölhæft tónskáld og eftir hann liggja mörg þekkt verk.<sup>90</sup> Páll hefur m.a. samið einleiksverk, sönglög, kammertónlist, hljómsveitarverk, einleikskonserta, kórverk og lúðrasveitarverk. Einnig hefur Páll verið afkastamikill í útsetningum, ekki síst fyrir karlakór, símfóníuhljómsveit og lúðrasveit.<sup>91</sup>

Flest verka Páls eru kröftug og þrungið tilfinningum en einkennast af einfaldleikanum sem hafður er í fyrirrúmi og jafnframt því að Páll er ákaflega djúphugul persóna. Hann er tónskáld sem semur ekki tónlist nótnanna vegna heldur vill hann miðla af eigin lífsreynslu með tónlist sinni. Páll hefur þörf fyrir að lýsa því í tónum þegar inntak ljóðs, fegurð, gleði eða harmur snertir hann. Að auki eru áhrif

---

<sup>88</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>89</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 22 (bls. 87 í frumútgáfu).

<sup>90</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 21-24.

<sup>91</sup> Sigurður I. Snorrason, „Lístrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

íslenskrar náttúru að finna í verkum hans en hann hefur sjálfur skilgreint sig sem íslenskt tónskáld vegna þess hversu sérstakan stað landið á innra með honum.<sup>92</sup>

Páll samdi töluvert samhliða öðrum störfum á Íslandi og settist þá oft við skrifborðið sitt eftir langan vinnudag og skrifaði eigin tónlist á meðan tónhendingar og stemningar úr verkum annarra tónskálda ómuðu innra með honum. Hefur hann sjálfur sagt: „Tónlistin innra með mér þagnar aldrei.“<sup>93</sup> Árið 1991 flutti Páll aftur til Graz og þar hefur hann helgað sig tónsmíðum og útsetningum.<sup>94</sup> Taldi hann sig geta fengið meira næði þar en á Íslandi og valdi því að flytja aftur þangað til þess að semja og útsetja. Þó Páll hafi kosið að fara til Graz til að fá meira næði semur hann ekki í algjörrri þögn heldur í klið innan um fólk og finnst honum hann fá allar bestu hugmyndir sínar í göngutúrum, auk þess sem honum finnst mjög gott að semja á stórum og góðum svölum íbúðar sinnar í Graz. Til þess að endurtaka sig ekki hefur Páll haft að leiðarljósi að semja ekki of mörg verk. Hann vill frekar skrifa fá verk og góð en mörg verk með endurteknum hugmyndum og skrifar hann því bara þegar hann hefur eitthvað að segja.<sup>95</sup> Þá hefur hann sjálfur sagt: „Ég er maður stemmningarinnar og komponera þegar ég er í skapi til þess. Fyrir mér byggjast tónsmíðar á því „að hlusta á sjálfan mig“ og með árunum hef ég í auknum mæli gert mér far um að láta mína eigin rödd hljóma í verkum mínum.“<sup>96</sup>

### 5.3.1 Verðlaun og viðurkenningar

Páll hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónsmíðar sínar og störf og var árið 1993 tilnefndur til tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir verk sitt *Ljáðu mér vængi*, sem skrifað er fyrir einsöngsrödd og hljómsveit.<sup>97</sup> Þá vann Páll til verðlauna í Graz, er hann sigraði í keppni um frumsamin tónverk, með verkinu *Expromptu* fyrir blásarakvintett. Verkið var frumflutt árið 1998 en áður hafði hann gefið það út sem verk fyrir fiðlu og píanó.<sup>98</sup> Að auki hafa austurrísk stjórnvöld þrisvar heiðrað Pál fyrir störf hans, fyrst árið 1985 þegar hann var sæmdur 1. gráðu orðu fyrir störf í þágu lista og menningar, aftur árið 1989 fyrir kynningu á austurrískri

<sup>92</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 22-24.

<sup>93</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 22 (bls. 88 í frumútgáfu).

<sup>94</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal; Orri Páll Ormarsson, „Tónskáldið á svölunum,“ bls. 6.

<sup>95</sup> Orri Páll Ormarsson, „Tónskáldið á svölunum,“ bls. 6-7.

<sup>96</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 23 (bls. 91 í frumútgáfu).

<sup>97</sup> Sigurður I. Snorrason, „Litrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

<sup>98</sup> Orri Páll Ormarsson, „Tónskáldið á svölunum,“ bls. 7.

tónmenningu og tónlistarfólki á Íslandi og loks árið 1996 þegar hann hlaut stórheiðursmerki Steiermark-fylkisins (Grosses Ehrenzeichen des Landes Steiermark). Páll hefur einnig hlotið íslenskar viðurkenningar fyrir störf sín að tónlistarmálum. Hann var sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1991 og árið 1993 hlaut Páll heiðursfé Tónvaka Ríkisútvarpsins.<sup>99</sup>

### 5.3.2 Helstu verk Páls

Af eigin verkum kveðst Páll halda mest upp á verkin *Ljáðu mér vængi* og *Konsert fyrir klarínettu og hljómsveit* og telur hann þau vera sín bestu verk.<sup>100</sup> Klarínettukonsertinn samdi Páll árið 1982 og tileinkaði hann vini sínum, Sigurði I. Snorrasoni, sem frumflutti verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í konsertinum vitnar Páll í önnur verk s.s. söng úr *Þorlákstíðum* og *Dachstein-ljóð*. Dachstein-ljóðið er lofsöngur til föðurlands Páls sem hefur staðið honum nærri frá því hann spilaði það ungur drengur á trompetinn í rústum heimaborgar sinnar, Graz, undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar er rússneskur hermaður fór þess á leit að hann spilaði á hljóðfærið.<sup>101</sup>

Ljóðaflokkurinn *Ljáðu mér vængi* var frumfluttur árið 1993 af Rannveigu Fríðu Bragadóttur og Sinfóníuhljómsveit Íslands og tilnefndur til tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs sama ár. Verkið er afar frumlegt og fjölbreytilegt en það er samansett af sex lögum við fjölbreytt ljóð íslenskra og erlendra ljóðskálda sem sungin eru á íslensku og þýsku.<sup>102</sup>

Meðal annarra helstu verka Páls má einnig nefna kantötuna *Durch die Zeiten* fyrir mezzosópransöngkonu, bassabarítönsöngvara, blandaðan kór, málmblásara og slagverk sem var pöntuð hjá Páli og frumflutt á öðru heimsþingi alkirkjunnar í Graz árið 1997.<sup>103</sup> Sama ár óskaði Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir að leika verk eftir Pál í tilefni af 70 ára afmæli hans og varð það úr að Páll samdi fiðlukonsert, tileinkaðan Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara. Fiðlukonsertinn var frumfluttur á tónleikum

---

<sup>99</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017; Höfundur ókunnur (JÓH), „Kristján Jóhannsson og Gunnar Ragnars fá heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu,“ *Dagur*, 20. júní 1991, bls. 2, sótt 20. febrúar 2017 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2695448](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2695448).

<sup>100</sup> Páll Pampichler Pálsson, 2014, viðtal.

<sup>101</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 4 og 23-24.

<sup>102</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017; Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 24.

<sup>103</sup> Sigurður I. Snorrason, „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.



Sinfóníuhljómsveitar Íslands þann 7. maí 1998 og fékk frábæra dóma.<sup>104</sup> Í viðtali í Morgunblaðinu sama dag lýsti Guðný Páli sem „sérstöku tónskáldi með persónulegan stíl“ og sagði:

Hann er trúr sjálfum sér og hermir aldrei eftir öðrum. Þá hefur hann ákaflega frjálsan stíl - gerir það sem honum sýnist. Engu að síður er alltaf sterkur heildarsvipur á verkum hans. Páll hefur vaxið mikið sem tónskáld á þeim áratugum sem ég hef þekkt hann, sérstaklega á allra síðustu árum, frá því hann helgaði sig alfarið tónsmíðum og útsetningum. Í dag er hann að gera virkilega spennandi hluti.<sup>105</sup>

Í viðtali við Morgunblaðið tveimur dögum síðar, á 70 ára afmælisdegi sínum 9. maí 1998, sagði Páll mikið til í orðum Guðnýjar. Hann hefði fundið sinn eigin stíl og vissi nú betur en áður hvað hann vildi. Áður hefði hann verið háðari tískunni og ýmsum stefnum og straumum í tónlistinni en væri nú orðinn frjálsari og óháðari.<sup>106</sup>

Páll hefur verið mjög ötull við að semja fyrir lúðrasveitir og má í því sambandi nefna verkin *Suite arctica II* og *Preludio sinfonico* sem voru bæði frumflutt árið 2001.<sup>107</sup> Þá samdi Páll *Tjarnarmarsinn*, sem er án efa einn þekktasti lúðrasveitarmars sem Íslendingar eiga og er mjög fallegur og hefur víða vakið athygli.<sup>108</sup> Tjarnarmarsinn varð kveikja að öðru verki, *Lækjarmarsi*, sem samið var af Rúnari Óskarssyni klarínettuleikara og hljómsveitarstjórnanda, árið 2013.<sup>109</sup>

Meðal nýjustu verka Páls eru *Norðurljósasinfónían* sem hann samdi í tilefni af heimsmeistaramótinu í vetraríþróttum í Schladming árið 2013 og *Sinfónía nr. 2* sem samin var í tilefni af 200 ára afmæli Tónlistarfélagssins í Graz og frumflutt árið 2014.<sup>110</sup> Páll er enn að semja tónlist og í apríl 2017 frumflutti Karlakór Reykjavíkur nýtt kórverk hans við ljóð Hannesar Hafstein, *Nei, smáfríð er hún ekki*, sem hann samdi í tilefni af 90 ára afmæli kórsins.<sup>111</sup>

---

<sup>104</sup> „Glæsilegt verk,“ *Morgunblaðið*, 7. maí 1998, bls. 33, sótt 25. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pubId=58&lang=is](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=58&lang=is).

<sup>105</sup> „Glæsilegt verk,“ bls. 33.

<sup>106</sup> Orri Páll Ormarsson, „Tónskáldið á svölunum,“ bls. 6.

<sup>107</sup> Sigurður I. Snorrason, „Litrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar,“ 2017.

<sup>108</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 18.

<sup>109</sup> Rúnar Óskarsson, 2017, viðtal við höfund í tölvupósti um áhrif Páls Pampichler Pálssonar á útsetningar og verk Rúnars, tekið 16. maí 2017.

<sup>110</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 25.

<sup>111</sup> Gestur Svavarsson, „Ávarp,“ *Efnisskrá Karlakórs Reykjavíkur*, 24. apríl 2017; „Vorsöngvar á næsta leiti,“ *Karlakór Reykjavíkur: 1926-2016*. <http://www.kkor.is/is/>.

## Lokaorð

Páll Pampichler Pálsson er einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem hefur komið víða við í íslensku tónlistarlífi og haft mikil áhrif með störfum sínum sem stjórnandi og tónlistarkennari sem og með tónsmíðum sínum og útsetningum. Páll var farsæll í störfum sínum á Íslandi og þar hefur vafalítið hvort tveggja haft áhrif það gagnkvæma traust sem var ríkjandi á milli hans sem stjórnanda og flytjendanna sem hann stjórnaði, svo og sú gleði og léttleiki sem einkenndi hann á stjórnandapallinum.<sup>112</sup> Er því óhætt að segja að hann hafi haft gríðarlega mikil áhrif á tónlistarlíf Íslendinga í fjöldamörgum árum, allt frá því hann kom til Íslands árið 1949 og hóf að taka virkan þátt í uppbyggingu tónlistarlífs á Íslandi og enn í dag þegar ný verk berast frá honum eða verk hans verða kveikja að nýjum verkum Íslendinga.<sup>113</sup> Spörin sem Páll skildi eftir sig í íslensku menningarlífi eru djúp og víst er að áhrifa hans muni áfram gæta um ókomna tíð. Íslendingar hafa fullt tilefni til að spila verk hans og útsetningar sem eru vel heppnuð og halda um leið á lofti nafni þessa manns sem lagði svo mikið til tónlistarinnar á Íslandi.

Það má ljóst vera að tónlistarlíf á Íslandi og íslenskt samfélag tóku gífurlegt framfarastökk á aðeins nokkrum áratugum á 20. öldinni. Framfarir í tónlistarlífinu voru ekki síst að þakka þeim erlendu tónlistarmönnum sem komu til landsins. Þeir báru með sér strauma og stefnur frá heimkynnum sínum sem þar höfðu verið marga tugi ára og jafnvel aldir að mótast og miðluðu þeim til Íslendinga.<sup>114</sup>

---

<sup>112</sup> Gschiel, *Ljáðu mér vængi*, bls. 14-15 og 20.

<sup>113</sup> Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 222.

<sup>114</sup> Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld,“ bls. 4-5; Óðinn Melsted, *Með nótur í farteskinu*, bls. 199-200.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir:

Árni Heimir Ingólfsson. *Jón Leifs: Líf í tónum*. Reykjavík: Mál og menning, 2009.

Bjarki Bjarnason. *Sinfóníuhljómsveit Íslands: Saga og stéttartal*. Reykjavík: Sögusteinn, 2000.

Guðrún Egilson. *Spilað og spaugað: Rögnvaldur Sigurjónsson leikur af fingrum fram*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1978.

Gschiel, Monika Luise. *Ljáðu mér vængi: Minningabrot úr lífi Páls Pampichler Pálssonar, austurríska tónlistarmannsins sem flutti til Íslands*. Sigurður I. Snorrason þýddi: Óútgefin þýðing.

Gunnar Stefánsson. *Útvarp Reykjavík: Saga Ríkisútvarpsins 1930-1960*. Reykjavík: Sögufélag, 1997.

Ingólfur Kristjánsson. *Strokið um strengi: Endurminningar Þórarins Guðmundssonar*. Reykjavík: Setberg, 1966.

Magnús Jónsson. *Alþingishátíðin 1930*. Reykjavík: H.F. Leiftur, 1943.

Matthías Johannessen. *Hundapúfan og hafið: Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólffson*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1961.

Óðinn Melsted. *Með nótur í farteskinu: Erlendir tónlistarmenn á Íslandi 1930-1960*. Reykjavík: Sögufélag, 2016.

### Vefheimildir:

Árni Thorsteinsson. „Hljómleikarnir.“ *Morgunblaðið*, 24. maí 1921, bls. 2. Sótt 22. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=1206541](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1206541).

„Glæsilegt verk.“ *Morgunblaðið*, 7. maí 1998, bls. 33. Sótt 25. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pubId=58&lang=is](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=58&lang=is).

Höfundur ókunnur (JÓH). „Kristján Jóhannsson og Gunnar Ragnars fá heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu.“ *Dagur*, 20. júní 1991, bls. 2. Sótt 20. febrúar 2017 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2695448](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2695448).

Höfundur ókunnur (P.K.P.). „Um tónlist.“ *Útvarpstíðindi* 4, 11 (janúar 1942): 161. Sótt 11. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=332254&pageId=5212626&lang=is&q%20DATVARPST%20CD%20INDI](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=332254&pageId=5212626&lang=is&q%20DATVARPST%20CD%20INDI).

Ingibjörg Eyþórsdóttir. „Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld: Brautryðjendur – stóra stökkið.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. apríl 2007, bls. 4-5. Sótt 12. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4149913](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4149913).

Ingibjörg Eyþórsdóttir. „Stríðsgróðinn – evrópsk hámenning: Erlendir tónlistarmenn á Íslandi á 20. öld – 2. grein.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. apríl 2007, bls. 4-5. Sótt 12. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4149929](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4149929).

Margrét Sveinbjörnsdóttir. „Tónlistarskóli á tímamótum: 70 ára afmæli Tónlistarskólans í Reykjavík.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 30. september 2000, bls. 8. Sótt 5. maí 2017 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=3315894](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3315894).

Orri Páll Ormarsson. „Tónskáldið á svölunum.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. maí 1998, bls. 6-7. Sótt 24. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=242832&pageId=3313505&lang=is&qLESB%D3K%20MORGUNBLA%DOSINS](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242832&pageId=3313505&lang=is&qLESB%D3K%20MORGUNBLA%DOSINS).

Páll Ísólffson. „Symfóníuhljómsveit Reykjavíkur: Tónleikar í Austurbæjarbíó.“ *Morgunblaðið*, 22. janúar 1948, bls. 5. Sótt 28. október 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107429&pageId=1266354&lang=is&qMORGUNBLA%D0I%D0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107429&pageId=1266354&lang=is&qMORGUNBLA%D0I%D0).

Urbancic, Victor. Úr „Bréfabálki.“ *Tónlistin* 1, 2 (mars 1942): 38-40. Sótt 10. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=5720935](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5720935).

„Vorsöngvar á næsta leiti.“ *Karлакór Reykjavíkur: 1926-2016*. <http://www.kkor.is/is/>.

Þorsteinn Valdimarsson. „Vor á góu: Tónleikar sinfóníuhljómsveitarinnar.“ *Þjóðviljinn*, 12. mars 1950, bls. 3. Sótt 11. desember 2016 á [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213703](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213703).

## **Viðtöl:**

Páll Pampichler Pálsson. 2014. Viðtal Sigurðar I. Snorrasonar eftir spurningum höfundar við Pál Pampichler Pálsson um líf hans og störf í þágu íslensks tónlistarlífs, tekið í Graz 5. maí 2014, sjá viðauka I.

Rúnar Óskarsson. 2017. Viðtal við höfund í tölvupósti um áhrif Páls Pampichler Pálssonar á útsetningar og verk Rúnars, tekið 16. maí 2017, sjá viðauka II.

## **Annað:**

Bjarki Sveinbjörnsson. „Tónlist á Íslandi á 20. öld: Með sérstakri áherslu á upphaf og þróun elektrónískrar tónlistar á árunum 1960-90.“ PhD-ritgerð, Institut for Musik og Musikterapi Aalborg Universitet, 1997, bls. 27-28. Sótt 2. mars 2017 á <http://www.ismennt.is/not/bjarki/phd/phd.html>.

Gestur Svavarsson. „Ávarp.“ *Efnisskrá Karlaórs Reykjavíkur*, 24. apríl 2017.

Sigurður I. Snorrason. „Listrænn ferill Páls Pampichler Pálssonar.“ Óútgefin dagblaðsgrein, 2017.